# DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR VIÐ SANDSÁ

# EYJAR II Í KJÓSARHREPPI




## 1. Almennar upplýsingar

### 1.1 Staðhættir

Deiliskipulagssvæðið við Sandsá í landi Eyjar II í Kjósarhreppi tekur til 14 ha svæðis. Innan svæðisins eru skilgreindar 22 lóðir fyrir frístundahús, uppbyging er hafin á tveimur lóðum, Eyjarbakki 1 og 2. Jörðin Eyjar I liggur að skipulagssvæðinu að vestanverðu og jörðinni Sandi að sunnan- og austanverðu. Land skipulagssvæðis er flatt og er nánast alfarið á ræktuðum túnum og Sandsá rennur í gegnum svæðið. Aðkoma að lóðum verður um nýjan veg sem tengist Eyjavegi (4837). Þegar hafa verið samþykktar deiliskipulagsáætlanir við vestanvert svæðið og taka skilmálar þessa skipulags mið af skilmálum aðliggjandi svæða.

### 1.2 Markmið og forsendur skipulagsins

Skipulagið er ætlað að skapa ramma utan um heildstæða og vistvæna frístundabyggð, að byggð falli vel að þeirri byggð sem fyrir er og að landnýting sé eins hagkvæm og kostur er.

### 1.3 Aðrar skipulagsáætlanir

Ekkert gildandi deiliskipulag er fyrir svæðið. Aðalskipulag Kjósarhrepps 2017- 2029 var staðfest af Skipulagsstofnun þann 4.12. 2018. Í Aðalskipulagi er skilgreint 24 ha svæði til frístundabyggðar (F12A) í landi Eyja II. Í stefnu aðalskipulags er kveðið á um að nýjar lóðir skuli að jafnaði vera á stærðarbilinu 0,3-1 ha og nýtingarhlutfall skal ekki vera hærra en 0,03. Heildar byggingarmagn á lóð verði þó ekki meira en 200 m², þar með talið geymslur, gestahús, skúrar og skýli. Mænishæð getur verið að hámarki 6 m m.v. gólfhæð neðstu hæðar. Deiliskipulag þetta er í samræmi við aðalskipulag.

### 1.4 Fornminjar

Búið er að vinna fornleifaskráningu á svæðinu, samkvæmt henni er enginn minjastaður skráður í eða við skipulagssvæðið. Fornleifaskráning var gefin út árið 2006 í skýrslu Eyjar II í Kjós, einnig liggur fyrir skýrsla frá árinu 2008, Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I. Umsögn Minjastofnun Íslands dags. 28. maí 2020 liggur fyrir. Í henni kom fram að ekki er talin ástæða til að fara fram á að fornleifaskráning á svæðinu verði endurskoðuð vegna þess að engar skráðar fornleifar eru innan skipulagsvæðisins samkvæmt fornleifaskráningu frá 2006 og 2008 og eftir samráð við fornleifafræðing hjá Fornleifastofnun. Samanber. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir: *„Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“*

Heimildir:

*Fornleifaskráning í Kjósarhreppi I*, Reykjavík (2008). Birna Lárusdóttir ritstjóri, Ásta Hermannsdóttir, Elín Ósk Hreiðarsdóttir, Kristborg Þórsdóttir & Unnur Magnúsdóttir.

*Eyjar II í Kjós, Deiliskráning á tveimur skipulagsreitum*, Reykjavík (2006). Birna Lárusdóttir.

### 1.5 Veðurfar og náttúruvá

Engin hætta er á vatns- eða ofanflóðum á skipulagssvæðinu. Jarðskjálftahætta er lítil á svæðinu og ólíklegt er að sterkur skjálfti verði á þessum slóðum með hliðsjón af legu helstu skjálftabelta.

## 2. Skipulagsskilmálar

### 2.1 Samgöngur

Aðkoma að skipulagsvæðis verður um nýjan veg sem tengist Eyjaveg (4837) sem er heimreið og þaðan um Meðalfellsveg (461). Vegtenging byggðarinnar er sunnan við Eyjaveg (4873), þessi aðkoma er ný og er henni ætlað að þjóna fyrirhugaðri frístundabyggð. Vegir skulu vera a.m.k. fjögurra metra breiðir. Veghelgunarsvæði er a.m.k. 3 m frá miðlínu vegar. Vegna brunavarna skulu vegir þola 20 tonna öxulþunga allt árið um kring, snúningsplan skal vera við enda botnlanga. Bílastæði skulu vera innan lóðar og skal útfærsla þeirra sýnd á byggingarleyfisteikningu.

### 2.2 Náttúruminjaskrá

Skipulagssvæðið er innan svæðis nr. 134 á Náttúruminjaskrá, þ.e. Laxárvogur og Laxá í Kjós. Um er að ræða vatnasvið Laxár og nánasta umhverfi frá ósi og upp að vatnaskilum. Laxá er ein helsta laxveiðiá landsins.

### 2.3 Útivistarsvæði

Gert er ráð fyrir útivistarsvæði til alhliða leikja og útivistar fyrir alla lóðarhafa og hafa þeir jafnan rétt til afnota af því. Gert er ráð fyrir gönguleið út úr frístundabyggðinni við hvert snúningsplan.

### 2.4 Gróður

Lóðarhafa er heimilt að gróðursetja á lóð sinni. Stærri trjám skal velja stað þannig að þau varpi ekki skugga á hús/pall nágranna eða hindri útsýni þaðan.

### 2.5 Veitur og sorp

**Neysluvatn** er sótt úr vatnbóli sem er staðsett við rætur Meðalfells, vatnsbólið er í landi Eyjar II.

**Hitaveita** er á vegum Kjósarveitur ehf.

**Rafmagn** er fengið frá dreifikerfi RARIK.

**Fráveita** skal lögð í rotþró á hverri lóð, lóðarhafar hafa leyfi til að sameinast um rotþró. Gerð og staðsetning rotþróa og fráveitukerfis skal vera í samræmi við reglugerð um hollustuhætti og er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa Vesturlands. Ganga skal frá fráveitu skv. byggingarreglugerð nr. 112/2012 og reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 m.s.br.. Einnig er vísað í samþykkt nr. 183/2007 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Kjósarhreppi og í leiðbeiningar UST um rotþrær og siturlagnir (2004).

**Vatn til slökkvistarfa** verður tekið úr Meðalfellsvatni eða Sandsá.

**Sorp, losun og förgun**, þess er í samræmi við reglur sveitarfélagsins hverju sinni.

### 2.6 Kvaðir

Kvöð um skurði á túni, er á lóðum Sandsárbakka 1-10 og 12. Ekki má moka ofan í skurðina án þess að leggja dren.

## 3. Byggingarskilmálar

Framkvæmdaraðili sækir um byggingarleyfi til byggingar- og skipulagsfulltrúa Kjósarhrepps.

### 3.1 Byggingarreitir

Á hverri lóð er skilgreindur byggingarreitur. Á hverjum byggingarreit er heimilt að byggja eitt frístundahús og eitt aukahús. Lágmarksfjarlægð byggingarreits frá lóðarmörkum er tíu metrar og skulu byggingarreitir vera í 50 metra fjarlægð frá ám og vötnum samanber skipulagsreglugerð 90/2013 5.3.2.14. gr.

### 3.2 Byggingar

**Byggingarmagn:** Hámarks byggingarmagn á lóð sem er 2600 m², að stærð skal vera 85 m², þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m².

Hámarks byggingarmagn á lóð sem er 3300-3900 m², að stærð skal vera 100 m², þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m².

Hámarks byggingarmagn á lóð sem er 4400-6500 m², að stærð skal vera 150 m², þ.e. frístundahús og aukahús, aukahús skal þó ekki vera meira en 50 m².

**Byggingarefni:** Óheimilt er að klæða hús með byggingarefni sem endurvarpar frá sér ljósi.

**Vegghæð:** Hámarks vegghæð skal ekki vera meiri en 5 m. Hámarks vegghæð aukahús skal ekki vera meiri en 3,5 m

**Salarhæð:** Hámarks salarhæð skal ekki vera meiri en 6 m. Salarhæð aukahús skal ekki vera meiri en 4,5 m.

**Þakgerð:** Þakhalli á byggingum á frístundalóðum skal vera á bilinu 20°-45°. Æskilegt þakform hefðbundið mænisþak.

**Mænisstefna:** Sýnd á uppdrætti. Heimilt er að hafa mænisstefnu 90° á uppgefna stefnu.

**Litaval:** Hús skulu vera í jarðlitum og skal þaklitur vera dökkur.

**Lýsing:** Heimilt er að setja lága lýsingu á útveggi og verandir, en óheimilt er að staðsetja lampa og útiljós í meira en 2 m fjarlægð frá húsum. Ljósgjafi skal lýsa á gangflöt en að öðru leiti skal hann vera hulinn. Útilýsing skal ekki valda óþarfa ljósmengun.

**Aukahús:** Má þjóna sem geymsla, svefnhýsi, gufubað og/eða garðhús. Aukahús skal vera nærri frístundahúsi og tengjast því með sólpalli, skjólvegg og/eða burðabita, sé þess kostur. Hámarksstærð aukahús er 50 m² og telst það með í byggingarmagni á lóð.

## 4. Umhverfisáhrif

Samkvæmt kortagrunni frá Náttúrufræðistofnun Íslands Vistgerðir og mikilvæg fuglasvæði á Íslandi er svæðið nánast alfarið skilgreint sem tún og akurlendi. Ekkert á svæðinu nýtur sérstakrar verndar. Jarðraski sem fylgir framkvæmdum skal stillt í hóf eins og kostur er og ef um landsár verða skal lóðarhafi græða jafnóðum upp. Með uppbyggingu má gera ráð fyrir að lóðarhafar gróðursetji trjáplöntur, sem hefur jákvæð áhrif á bæði dýra- og plöntulíf á svæðinu.

## 5. Kynning og samráð

Umsagnaraðilar eru Skipulagsstofnun, Vegagerðin, Umhverfisstofnun, Heilbrigðiseftirlit Vesturlands, Veiðifélag Kjósarhrepps og Minjastofnun Íslands. Deiliskipulagstillagan verður auglýst og einnig kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum með opnum degi. Gera má ráð fyrir að tillagan verði tekin fyrir í hreppsnefnd til samþykktar í ágúst 2020. Deiliskipulagið tekur gildi þegar staðfesting skipulagsins hefur verið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

## 6. Lög og reglugerðir

Að öðru leyti er vísað til gildandi laga og reglugerða sem við eiga, s.s. skipulagslög (1223/2010), lög um mannvirki (160/2010), lög um náttúruvernd (60/2013), vegalög (80/2007), lög um hollustuhætti og mengunarvarnir (7/1998), lög um menningarminjar (80/2012), lög um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús (75/2008), skipulagsreglugerð (90/2013), byggingarreglugerð (112/2012) og reglugerð um fráveitur og skólp (798/1999).




## Hnitaskrá - ÍSN93

| Hnit | X | Y |
|---|---|---|
| **Miðlína vegar** | | |
| 1 | 376169.15 | 425569.55 |
| 2 | 376155.29 | 425530.11 |
| 3 | 376128.25 | 425463.98 |
| 4 | 376119.05 | 425441.42 |
| 5 | 376107.86 | 425413.52 |
| 6 | 376206.23 | 425305.58 |
| 7 | 376223.73 | 425254.05 |
| 8 | 376199.97 | 425207.93 |
| 9 | 376139.71 | 425160.64 |
| 10 | 376076.01 | 425118.10 |
| 11 | 376029.68 | 425078.98 |
| 12 | 375997.05 | 425027.87 |
| 13 | 376022.22 | 425013.60 |
| 14 | 376038.72 | 425001.95 |
| 15 | 376052.60 | 424987.28 |
| 16 | 376078.24 | 424954.14 |
| 17 | 375960.10 | 425048.81 |
| 18 | 375865.03 | 425102.69 |
| 19 | 375862.04 | 425107.15 |
| 20 | 375863.82 | 425112.22 |
| 21 | 375889.17 | 425136.70 |
| 22 | 375897.19 | 424957.42 |
| 23 | 375890.06 | 424947.71 |
| 24 | 375882.35 | 424938.45 |
| 25 | 375814.53 | 424861.83 |
| 26 | 375878.93 | 424814.15 |
| 27 | 375884.13 | 424812.59 |
| 28 | 375889.12 | 424814.70 |
| 29 | 375922.68 | 424845.67 |
| 30 | 375637.17 | 424993.14 |
| **Lóðamörk** | | |
| 31 | 375922.15 | 425159.43 |
| 32 | 375950.59 | 425122.59 |
| 33 | 375914.86 | 425077.89 |
| 34 | 375866.00 | 425105.59 |
| 35 | 375865.91 | 425110.07 |
| 36 | 375878.31 | 425122.04 |
| 37 | 375882.22 | 425120.87 |
| 38 | 376005.74 | 425051.15 |
| 39 | 375998.84 | 425038.66 |
| 40 | 375994.61 | 425035.16 |
| 41 | 375989.17 | 425035.78 |
| 42 | 375885.68 | 425206.58 |
| 43 | 375920.92 | 425161.03 |
| 44 | 375893.06 | 425134.12 |
| 45 | 375882.64 | 425144.91 |
| 46 | 375880.11 | 425142.46 |
| 47 | 375849.23 | 425174.44 |
| 48 | 375870.41 | 425133.10 |
| 49 | 375874.06 | 425129.32 |
| 50 | 375852.64 | 425109.89 |
| 51 | 375844.81 | 425102.78 |
| 52 | 375809.05 | 425132.53 |
| 53 | 375860.39 | 425101.87 |
| 54 | 375814.87 | 425055.53 |
| 55 | 375769.12 | 425090.88 |
| 56 | 375907.45 | 425075.20 |
| 57 | 375863.73 | 425020.49 |
| 58 | 375949.12 | 425051.58 |
| 59 | 375952.49 | 425047.06 |
| 60 | 375951.44 | 425041.52 |
| 61 | 375918.60 | 424993.83 |
| 62 | 375957.37 | 425039.56 |
| 63 | 375961.57 | 425042.41 |
| 64 | 375966.59 | 425041.68 |
| 65 | 376010.24 | 425016.94 |
| 66 | 375979.93 | 424971.10 |
| 67 | 375924.48 | 424991.78 |
| 68 | 376020.74 | 425010.99 |
| 69 | 376031.03 | 425004.29 |
| 70 | 376041.20 | 424995.59 |
| 71 | 376050.23 | 424985.45 |
| 72 | 376064.85 | 424966.54 |
| 73 | 376064.49 | 424963.74 |
| 74 | 376025.24 | 424933.36 |
| 75 | 375728.07 | 425073.18 |
| 76 | 375758.51 | 425038.55 |
| 77 | 375686.10 | 424960.65 |
| 78 | 375654.67 | 424983.92 |
| 79 | 375654.25 | 424986.72 |
| 80 | 375659.60 | 424993.95 |
| 81 | 375647.92 | 425002.61 |
| 82 | 375798.21 | 425004.21 |
| 83 | 375730.02 | 424928.13 |
| 84 | 375843.20 | 424976.71 |
| 85 | 375774.16 | 424895.45 |
| 86 | 375889.90 | 424952.43 |
| 87 | 375818.35 | 424870.68 |
| 88 | 375813.84 | 424868.36 |
| 89 | 375808.95 | 424869.70 |
| 90 | 375895.25 | 424949.57 |
| 91 | 375937.77 | 424927.19 |
| 92 | 375854.16 | 424836.22 |
| 93 | 375825.08 | 424857.75 |
| 94 | 375822.29 | 424862.65 |
| 95 | 375824.01 | 424868.02 |
| 96 | 375981.58 | 424904.13 |
| 97 | 375886.48 | 424816.34 |
| 98 | 375881.38 | 424816.07 |
| 99 | 375983.12 | 424902.83 |
| 100 | 376036.56 | 424844.39 |
| 101 | 375969.99 | 424795.89 |
| 102 | 375922.73 | 424847.09 |
| 103 | 375634.87 | 424991.12 |
| 104 | 375686.51 | 424952.88 |
| 105 | 375642.73 | 424904.03 |
| 106 | 375584.73 | 424946.97 |
| 107 | 375741.42 | 424912.23 |
| 108 | 375697.64 | 424863.38 |
| 109 | 375796.32 | 424871.58 |
| 110 | 375752.54 | 424822.73 |
| 111 | 375851.23 | 424830.92 |
| 112 | 375807.45 | 424782.07 |
| 113 | 375877.15 | 424811.74 |
| 114 | 375879.96 | 424810.23 |
| 115 | 375883.76 | 424809.58 |
| 116 | 375887.26 | 424810.17 |
| 117 | 375891.15 | 424812.49 |
| 118 | 375878.66 | 424729.35 |
| 119 | 375911.39 | 424831.26 |
| 120 | 375914.31 | 424831.15 |
| 121 | 375920.42 | 424824.53 |
| 122 | 375931.44 | 424834.71 |
| 123 | 375968.36 | 424794.71 |
| **Byggingarreitir** | | |
| 124 | 375921.08 | 425144.49 |
| 125 | 375937.89 | 425122.72 |
| 126 | 375912.38 | 425090.80 |
| 127 | 375882.82 | 425107.55 |
| 128 | 375950.46 | 425106.42 |
| 129 | 375986.69 | 425059.47 |
| 130 | 375982.49 | 425051.06 |
| 131 | 375930.00 | 425080.81 |
| 132 | 375884.30 | 425192.02 |
| 133 | 375907.53 | 425161.99 |
| 134 | 375893.31 | 425148.26 |
| 135 | 375882.89 | 425159.05 |
| 136 | 375880.36 | 425156.60 |
| 137 | 375863.70 | 425173.86 |
| 138 | 375849.26 | 425160.01 |
| 139 | 375865.97 | 425142.71 |
| 140 | 375856.27 | 425133.34 |
| 141 | 375859.70 | 425129.79 |
| 142 | 375842.94 | 425114.59 |
| 143 | 375822.23 | 425131.82 |
| 144 | 375809.82 | 425118.88 |
| 145 | 375839.13 | 425094.50 |
| 146 | 375831.44 | 425086.67 |
| 147 | 375813.03 | 425100.96 |
| 148 | 375802.60 | 425111.35 |
| 149 | 375862.14 | 425089.39 |
| 150 | 375892.31 | 425072.27 |
| 151 | 375879.22 | 425055.89 |
| 152 | 375847.88 | 425074.87 |
| 153 | 375909.93 | 425062.28 |
| 154 | 375941.33 | 425044.48 |
| 155 | 375932.59 | 425031.77 |
| 156 | 375897.90 | 425047.23 |
| 157 | 375964.02 | 425031.58 |
| 158 | 375995.96 | 425013.47 |
| 159 | 375985.72 | 424997.98 |
| 160 | 375955.17 | 425018.73 |
| 161 | 376013.40 | 425003.58 |
| 162 | 376025.02 | 424996.27 |
| 163 | 376034.19 | 424988.43 |
| 164 | 376049.06 | 424970.99 |
| 165 | 376043.44 | 424966.64 |
| 166 | 376003.14 | 424988.07 |
| 167 | 375695.05 | 425030.78 |
| 168 | 375717.82 | 425009.46 |
| 169 | 375705.66 | 424996.38 |
| 170 | 375678.68 | 425016.37 |
| 171 | 375677.14 | 425015.01 |
| 172 | 375704.29 | 424994.90 |
| 173 | 375684.87 | 424974.01 |
| 174 | 375667.05 | 424987.20 |
| 175 | 375673.59 | 424996.04 |
| 176 | 375663.82 | 425003.28 |
| 177 | 375733.50 | 424996.95 |
| 178 | 375758.20 | 424974.55 |
| 179 | 375748.99 | 424964.27 |
| 180 | 375721.83 | 424984.40 |
| 181 | 375720.46 | 424982.92 |
| 182 | 375747.65 | 424962.78 |
| 183 | 375728.65 | 424941.59 |
| 184 | 375701.04 | 424962.03 |
| 185 | 375773.35 | 424961.49 |
| 186 | 375802.47 | 424944.22 |
| 187 | 375792.27 | 424932.21 |
| 188 | 375765.13 | 424952.32 |
| 189 | 375763.79 | 424950.82 |
| 190 | 375790.97 | 424930.68 |
| 191 | 375772.59 | 424909.06 |
| 192 | 375744.80 | 424929.63 |
| 193 | 375820.55 | 424934.61 |
| 194 | 375847.47 | 424918.67 |
| 195 | 375832.85 | 424902.14 |
| 196 | 375808.37 | 424920.28 |
| 197 | 375807.07 | 424918.75 |
| 198 | 375831.52 | 424900.64 |
| 199 | 375812.69 | 424879.37 |
| 200 | 375788.70 | 424897.13 |
| 201 | 375871.70 | 424906.81 |
| 202 | 375895.00 | 424895.44 |
| 203 | 375873.49 | 424872.03 |
| 204 | 375853.82 | 424886.61 |
| 205 | 375852.49 | 424885.10 |
| 206 | 375872.13 | 424870.55 |
| 207 | 375852.89 | 424849.61 |
| 208 | 375833.66 | 424863.84 |
| 209 | 375913.73 | 424886.26 |
| 210 | 375935.39 | 424875.10 |
| 211 | 375905.99 | 424847.96 |
| 212 | 375889.65 | 424860.06 |
| 213 | 375888.29 | 424858.58 |
| 214 | 375904.49 | 424846.58 |
| 215 | 375883.34 | 424827.06 |
| 216 | 375869.05 | 424837.64 |
| 217 | 375954.36 | 424862.67 |
| 218 | 375989.32 | 424822.35 |
| 219 | 375971.29 | 424809.22 |
| 220 | 375936.86 | 424846.52 |
| 221 | 375633.30 | 424976.41 |
| 222 | 375669.95 | 424949.39 |
| 223 | 375641.36 | 424917.49 |
| 224 | 375600.63 | 424947.65 |
| 225 | 375686.12 | 424937.47 |
| 226 | 375724.95 | 424908.84 |
| 227 | 375696.27 | 424876.84 |
| 228 | 375657.50 | 424905.54 |
| 229 | 375741.12 | 424896.92 |
| 230 | 375779.95 | 424868.29 |
| 231 | 375751.17 | 424836.18 |
| 232 | 375712.41 | 424864.88 |
| 233 | 375796.12 | 424856.36 |
| 234 | 375834.95 | 424827.74 |
| 235 | 375806.08 | 424795.53 |
| 236 | 375767.32 | 424824.23 |
| 237 | 375851.12 | 424815.81 |
| 238 | 375878.51 | 424795.62 |
| 239 | 375871.24 | 424747.29 |
| 240 | 375822.23 | 424783.58 |
| 241 | 375900.52 | 424807.54 |
| 242 | 375912.36 | 424818.52 |
| 243 | 375919.85 | 424810.40 |
| 244 | 375930.87 | 424820.58 |
| 245 | 375953.39 | 424796.18 |
| 246 | 375892.10 | 424751.52 |
| **Kvöð** | | |
| 211 | 375905.99 | 424847.96 |
| 214 | 375904.49 | 424846.58 |
| 247 | 375668.82 | 425023.67 |
| 248 | 375667.28 | 425022.32 |
| 249 | 375624.96 | 424985.05 |
| 250 | 375623.42 | 424983.70 |
| 251 | 375857.67 | 424813.47 |
| 252 | 375856.48 | 424811.86 |

X = austurhnit
Y = norðurhnit
Hnit fengin af uppréttri loftmynd, með 50 cm greinihæfni

### Auglýsing og samþykkt

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í hreppsnefnd þann __________2020.

_______________________________________

Samþykkt deiliskipulag var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann _________2020.

DEILISKIPULAG FRÍSTUNDABYGGÐAR VIÐ SANDSÁ, EYJAR II Í KJÓSARHREPPI

landlinur hönnun og skipulag

| Mælikvarði | Dagsetning | Verkheiti | Skráarheiti | Uppdráttur |
|---|---|---|---|---|
| 1:2000 (A1)<br>1:50.000 | 29.05.2020 | d318-Eyjar II | d318-2.dgn | VÞ |


Borgarbraut 61, 310 Borgarnes - sími 4351254
landlinur@landlinur.is - www.landlinur.is

Sigurbjörg Ósk Áskeldóttir
Landslagsarkitekt FÍLA